

## AFKOMA ARION BANKA Á FYRSTU ÞREMUR MÁNUÐUM ÁRSINS 2018

### FYRSTU SKREFIN Í LÆKKUN EIGIN FJÁR

Hagnaður samstæðu Arion banka á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 nam 1,9 milljörðum króna samanborið við 3,4 milljarða króna á sama tímabili 2017. Arðsemi eigin fjár var 3,6% samanborið við 6,3% fyrir sama tímabil árið 2017.

Heildareignir námu 1.131,8 milljörðum króna í lok mars 2018 samanborið við 1.147,8 milljarða króna í árslok 2017 og eigið fé hluthafa bankans nam 204,1 milljörðum króna, samanborið við 225,6 milljarða króna í árslok 2017. Efnahagur Arion banka er sterkur og á tímabilinu hóf bankinn þá vegferð að lækka eigið fé sitt með kaupum á 9,5% af eigin hlutafé og arðgreiðslu, samtals um 24,3 milljarðar króna.

Eiginfjárhlutfall bankans var 23,6% í lok mars en var 24,0% í árslok 2017. Hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1 nam 23,6% og var óbreytt frá árslokum 2017.

Helstu rekstrar- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

<i>Í milljónum króna</i>	<b>1F 2018</b>	<b>1F 2017</b>	<b>Breyting</b>	<b>Breyt. %</b>
Hreinar vaxtatekjur	6.908	7.161	(253)	(4%)
Hreinar þóknatekjur	3.542	3.329	213	6%
Hreinar fjármunatekjur	1.340	1.231	109	9%
Hreinar tekjur af tryggingum	143	447	(304)	(68%)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага og niðurfærsla	(18)	(34)	16	(47%)
Aðrar rekstrartekjur	269	564	(295)	(52%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>12.184</b>	<b>12.697</b>	<b>(514)</b>	<b>(4%)</b>
Laun og launatengd gjöld	(4.636)	(4.222)	(414)	10%
Annar rekstrarkostnaður	(3.996)	(3.834)	(162)	4%
Bankaskattur	(804)	(797)	(7)	1%
Hrein virðisbreyting	(99)	880	(979)	(111%)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>2.649</b>	<b>4.724</b>	<b>(2.075)</b>	<b>(44%)</b>
Tekjuskattur	(818)	(1.371)	553	(40%)
Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta	118	0	118	-
<b>Hagnaður</b>	<b>1.949</b>	<b>3.353</b>	<b>(1.404)</b>	<b>(42%)</b>
<b>Helstu kennitölur</b>				
Arðsemi eigin fjár	3,6%	6,3%	-2,7%	
Hagnaður á hlut (í krónum)	0,97	1,68	-41,8%	
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,6%	2,8%	-0,2%	
Kostnaðarhlutfall	70,8%	63,5%	7,4%	

Helstu efnahags- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

<i>Í milljónum króna</i>	<b>31.03.2018</b>	<b>31.12.2017</b>	<b>Breyt.</b>	<b>Breyt.%</b>
Lán til viðskiptavina	782.255	765.101	17.154	2%
Aðrar eignir	349.513	382.653	(33.140)	(9%)
Skuldir	927.524	922.020	5.504	1%
Eigið fé	204.245	225.734	(21.489)	(10%)
Útlán sem hlutfall af innlánnum	172,7%	165,5%		
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	68,8%	66,8%		
Hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1	23,6%	23,6%		

Varðandi ítarlegar fjárhagsupplýsingar vísast til árshlutareiknings samstæðu Arion banka fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins 2018, sem birtur er á heimasíðu bankans, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is).



## HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON, BANKASTJÓRI ARION BANKA

„Afkoma fyrsta ársfjórðungs 2018 er aðeins undir væntingum. Þóknatekjur og fjármunatekjur þróast með jákvæðum hætti en vaxtamunur hefur lækkað, m.a. vegna sterkrar lausafjárstöðu bankans og mikillar samkeppni á lánamarkaði sem hefur þrýst á vaxtakjör. Þá var samdráttur í tryggingatekjum hjá Verði, sem skýrist einkum af ökutækjatljónum í vetur. Tekjur dótturfélagsins Valitor halda áfram að vaxa með áframhaldandi sókn á erlenda markaði en þeirri sókn fylgir jafnframt umtalsverður kostnaður og eru áhrif Valitor á afkomuna neikvæð. Áfram verður lögð áhersla á vöxt Valitor erlendis. Það eru spennandi tækifæri á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar á og frekari vöxtur getur haft veruleg áhrif á hugsanlegt markaðsvirði félagsins á komandi misserum. Góður vöxtur var í útlánasafni bankans og gæði lánasafnsins áfram góð. Fjárhagslegur styrkur bankans er áfram góður eins og eiginfjárhlutfall upp á 23,6% ber með sér.

Arion banki hefur markað sér nokkra sérstöðu á íslenskum fjármálamarkaði með því að kynna til leiks fjölbreyttar og spennandi stafrænar nýjungar á sviði fjármálaþjónustu. Markmið okkar er að gera þjónustu okkar eins einfalda og þægilega fyrir okkar viðskiptavini og við frekast getum. Við kynntum á fyrsta ársfjórðungi m.a. ný stafræn lánaferli fyrir skammtímalán og bílalán. Einnig þægilegar leiðir til að dreifa greiðslum á kreditkort og stofna sparnaðarreikninga. Við sjáum að með þægilegri bankaþjónustu eykst ánægja okkar viðskiptavina á sama tíma og við uppskerum aukna skilvirkni í okkar starfsemi. Nú er það svo að 96% snertinga okkar við viðskiptavini fara fram í gegnum stafrænar leiðir. Það sýnir vel hve mikið fjármálaþjónusta er að breytast og höfum við því boðað breytingar á útibúaneti okkar sem endurspeglar það. Markmiðið með breytingunum er annars vegar að efla okkar kjarnaútibú þar sem fyrirtæki og einstaklingar geta sótt alla hefðbundna fjármálaþjónustu og hins vegar að þróa minni útibúin í takt við útibúið okkar í Kringlunni þar sem höfuðáhersla er á stafrænar lausnir.

Á undanförunum árum hefur Arion banki safnað miklu eigin fé umfram lögbundin viðmið og kröfur eftirlitsaðila og í marsmánuði var fyrsta skrefið tekið til að draga úr því þegar bankinn keypti 9,5% af eigin hlutabréfum og greiddi hluthöfum arð. Áfram er til staðar umtalsvert eigið fé umfram kröfur og ljóst að bankinn er vel í stakk búinn að greiða út frekari arð.

Breytingar urðu á eigendahópi bankans á tímabilinu þegar íslenska ríkið sem átt hefur 13% hlut í bankanum frá árinu 2010 fór úr hluthafahópnum. Jafnframt komu íslenskir fjárfestingarsjóðir inn í hluthafahópinn þegar 24 starfandi verðbréfasjóðir keyptu samtals um 2,5% í bankanum. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að frekari breytingum á eignarhaldi bankans og Kaupthing kannað ýmsa kosti varðandi sölu hlutabréfa í bankanum. Sú vinna heldur áfram og eins og komið hefur fram er í skoðun að skrá bankann á markað bæði hérlendis sem og erlendis.“

## HELSTU ATBURÐIR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS 2018

- Í febrúar keypti Arion banki eigin hlutabréf, sem námu 9,5% af útgefnu hlutafé bankans, af Kaupskilum ehf. Heildarfjárhæð viðskiptanna voru um 17 milljarðar króna. Ákvörðunin um kaup á eigin bréfum var í samræmi við ákvörðun hluthafafundar Arion banka þann 12. febrúar 2018.
- Arðgreiðsla til hluthafa Arion banka í mars nam um 7 milljörðum króna.
- Í mars gaf bankinn út nýtt 300 milljóna evru skuldabréf til fimm ára á kjörum sem jafngilda 65 punktum yfir millibankavöxtum.
- Arion banki kynnti fjölda nýrra stafrænna lausna, m.a. Núlán, nýja tegund skammtímalána sem hægt er að sækja um með rafrænum hætti á vef bankans, og þægilega stafræna leið til fjármögnunar bílakaupa.



## REKSTRARREIKNINGUR

<i>Í milljónum króna</i>	<b>1F 2018</b>	<b>1F 2017</b>	<b>Breyting</b>	<b>Breyt. %</b>
Hreinar vaxtatekjur	6.908	7.161	(253)	(4%)
Hreinar þóknatekjur	3.542	3.329	213	6%
Hreinar fjármunatekjur	1.340	1.231	109	9%
Hreinar tekjur af tryggingum	143	447	(304)	(68%)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna og niðurfærsla	(18)	(34)	16	(47%)
Aðrar rekstrartekjur	269	564	(295)	(52%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>12.184</b>	<b>12.697</b>	<b>(514)</b>	<b>(4%)</b>
Laun og launatengd gjöld	(4.636)	(4.222)	(414)	10%
Annar rekstrarkostnaður	(3.996)	(3.834)	(162)	4%
Bankaskattur	(804)	(797)	(7)	1%
Hrein virðisbreyting	(99)	880	(979)	(111%)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>2.649</b>	<b>4.724</b>	<b>(2.075)</b>	<b>(44%)</b>
Tekjuskattur	(818)	(1.371)	553	(40%)
Afkoma af aflagðri starfsemi, eftir skatta	118	0	118	-
<b>Hagnaður</b>	<b>1.949</b>	<b>3.353</b>	<b>(1.404)</b>	<b>(42%)</b>

**Rekstrartekjur** námu 12,2 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2018, samanborið við 12,7 milljarða króna á sama tímabili 2017. Hreinar þóknatekjur jukust milli ára en vaxtatekjur og tekjur af tryggingum lækkuðu. Þá lækkuðu aðrar rekstrartekjur nokkuð.

*Hreinar vaxtatekjur* hafa lækkað lítillega milli ára en vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 2,6% á fyrsta ársfjórðungi 2018, samanborið við 2,8% á sama tímabili 2017. Vaxtaberandi eignir breytast lítið frá fyrsta ársfjórðungi 2017 en minnka um 10,3 milljarða króna frá árslokum 2017. Lækkun vaxtamunar má m.a. skýra með miklu lausafé í erlendum myntum sem ber lága vexti og því að nokkur þrýstingur hefur verið á vaxtakjör lána bankans í harðri samkeppni í lækkandi vaxtaumhverfi, bæði á fyrirtækja- og einstaklingsmarkaði.

*Hreinar þóknatekjur* hækka um 6% milli ára, einkum vegna aukinna umsvifa í greiðslukortum og greiðslulausnum sem hafa aukist um rúm 14% frá sama tímabili 2017 og aukinna umsvifa í lánum, bæði nýjar lánveitingar og uppgreiðslur. Aðrar þóknatekjur standa í stað eða hækka lítillega frá sama tímabili fyrir ári.

*Hreinar fjármunatekjur* námu 1.340 milljónum króna, samanborið við 1.230 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2017. Ágæt afkoma af hlutabréfum skýrir að mestu jákvæðar fjármunatekjur bæði tímabilin.

*Hreinar tekjur af tryggingum* námu 143 milljónum króna, samanborið við 447 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2017. Lækkunina má einkum rekja til hærri kostnaðar vegna bifreiðatjóna, en tjónahlutfall í þeim flokki var það hæsta um langt skeið.

*Aðrar rekstrartekjur* námu 269 milljónum króna á tímabilinu, samanborið við 564 milljónir króna á sama tímabili 2017. Hagnaður af sölu eigna á fyrsta ársfjórðungi 2017, sem ekki var til að dreifa nú, skýrir lækkunina milli ára.

**Rekstrarkostnaður** nam samtals 8.632 milljónum króna á tímabilinu, samanborið við 8.056 milljónir króna á sama tímabili 2017. Kostnaðarhlutfall var 70,8% á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 63,5% á sama tímabili 2017. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 3,0% á fyrsta ársfjórðungi, óbreytt frá sama tímabili 2017.

*Laun og launatengd gjöld* námu 4.636 milljónum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 og hækkuðu um 10% frá sama tímabili á fyrra ári. Hækkunina má einkum rekja til fjölgunar starfsfólks í alþjóðlegri starfsemi dótturfélagsins Valitor. Reiknuð meðallaun starfsfólks samstæðunnar hafa hækkað um rúm 3% milli ára en á sama tíma hækkaði launavísitala um rúm 7%. Ástæðuna má m.a. rekja til lækkunar launakostnaðar í starfsemi Valior erlendis vegna styrkingar krónunnar, en vaxandi hluti starfsemi Valitor, stærsta dótturfélags bankans, fer fram erlendis. Fjöldi stöðugilda hjá samstæðunni var 1.299 í lok fyrsta ársfjórðungs sem er hækkun um 95 stöðugildi frá sama tíma fyrir ári. Fjölgunina má einkum rekja til fjárfestinga í alþjóðlegri starfsemi Valitor, m.a. með kaupum á nýjum félögum í Bretlandi. Fækkun stöðugilda heldur áfram í móðurfélaginu og kemur einkum til vegna aukinnar útivistunar verkefna, m.a. útivistun seðlavers og áhrifa stafrænna lausna og aukinnar sjálfvirkni sem bankinn hefur lagt áherslu á.



Annar rekstrarkostnaður var 3.996 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2018 og hækkar um 4% frá sama tímabili 2017. Hækkunin er að hluta tilkomin vegna aukins kostnaðar við upplýsingatækni og aðkeypta þjónustu.

Hrein virðisbreyting var neikvæð sem nam 99 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi, samanborið við jákvæða hreina virðisbreytingu að fjárhæð 880 milljónir króna á sama tímabili 2017. Uppgreiðsla eldri íbúðalána hjá bankanum og greiðslur tengdar nauðasamningum sem og lokagreiðslur vegna uppgjörs slitabúa þar sem lán höfðu áður verið niðurfærð hjá bankanum höfðu jákvæð áhrif á hreina virðisbreytingu á árinu 2017.

Tekjuskattur nam 818 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi, samanborið við 1.371 milljónir króna á sama tímabili árið 2017. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í árshlutareikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er 30,9% á fyrsta ársfjórðungi 2018 samanborið við 29,0% á sama tímabili árið 2017. Hið háa tekjuskattshlutfall má m.a. rekja til þess að afkoma móðurfélagsins vegur þyngra í heildarafkomunni og bankinn greiðir sérstakan 6% fjársýsluskatt á hagnað yfir 1 milljarði króna auk þess að bankaskattur er ekki frádráttarbær til skatts.

## Afkoma tekjusviða

Arion banki skiptir rekstrinum í fimm afkomusvið auk dótturfélaga og stoðsviða. Afkomusviðin eru eignastýring, fyrirtækjasvið, fjárfestingarbankasvið, viðskiptabankasvið og fjárstýring.

Afkoma fyrir skatta var jákvæð af öllum afkomusviðum á fyrsta ársfjórðungi 2018, að fyrirtækjasviði undanskildu.

1.1.-31.3.2018		Fyrirtækja-	Fjárfestingar-	Viðskipta-	Fjárstýring	Höfuðst., dótturfélög og aðrar	Samtals
Í milljónum króna	Eignastýring	svið	bankasvið	bankasvið		deildir	
Hreinar vaxtatekjur	148	1.314	38	4.333	979	96	6.908
Hreinar þóknatekjur	866	236	465	1.092	(82)	965	3.542
Aðrar tekjur	18	(161)	2	81	268	1.526	1.734
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>1.032</b>	<b>1.389</b>	<b>505</b>	<b>5.506</b>	<b>1.165</b>	<b>2.587</b>	<b>12.184</b>
Rekstrarkostnaður	(601)	(888)	(392)	(3.451)	(329)	(2.971)	(8.632)
Bankaskattur	(46)	(170)	(10)	(278)	(300)	-	(804)
Hrein virðisbreyting	-	(376)	0	268	(29)	38	(99)
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>385</b>	<b>(45)</b>	<b>103</b>	<b>2.045</b>	<b>507</b>	<b>(346)</b>	<b>2.649</b>

## 1.1.-31.3.2017

### Í milljónum króna

Hreinar vaxtatekjur	146	1.656	69	3.974	1.096	219	7.160
Hreinar þóknatekjur	838	176	333	996	(78)	1.065	3.330
Aðrar tekjur	48	236	(31)	179	(271)	2.046	2.207
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>1.032</b>	<b>2.068</b>	<b>371</b>	<b>5.149</b>	<b>747</b>	<b>3.330</b>	<b>12.697</b>
Rekstrarkostnaður	(664)	(783)	(362)	(3.156)	(259)	(2.832)	(8.056)
Bankaskattur	(48)	(167)	(12)	(271)	(299)	-	(797)
Hrein virðisbreyting	-	819	14	20	55	(28)	880
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>320</b>	<b>1.937</b>	<b>11</b>	<b>1.742</b>	<b>244</b>	<b>470</b>	<b>4.724</b>



**Eignastýringarsvið** skiptist í eignastýringu fagfjárfesta, einkabankaþjónustu, fjárfestingarþjónustu og rekstur lífeyrissjóða. Eignastýring Arion banka stýrir fjármunum fyrir hönd viðskiptavina samkvæmt fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu hvers og eins. Jafnframt annast sviðið sölu á sjóðum Stefnis hf. til einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og fagfjárfesta sem og sölu á sjóðum alþjóðafyrirtækja. Til viðbótar sinnir sviðið rekstri lífeyrissjóða. Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki í eigu Arion banka. Stefnir annast stýringu á fjölbreyttu úrvali verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða.

Í milljónum króna	3M 2018	3M 2017	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	148	146	1,4%
Hreinar þóknatekjur	866	838	3,3%
Aðrar tekjur	18	48	(62,5%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>1.032</b>	<b>1.032</b>	<b>0,0%</b>
Rekstrarkostnaður	(601)	(664)	(9,5%)
Bankaskattur	(46)	(48)	(4,2%)
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>385</b>	<b>320</b>	<b>20,3%</b>

Starfsemi eignastýringar er stöðug og afkoma sviðsins góð. Eignir í stýringu samstæðunnar í lok mars 2017 námu 955 milljörðum króna og lækkuðu um 3% frá árlökum 2017.

**Fyrirtækjasvið** veitir stærri fyrirtækjum landsins alhliða fjármálaþjónustu og sérsniðnar lausnir sem þjóna þeirra þörfum hverju sinni. Fyrirtækjasvið býður lausnir á sviði fjármögnunar, innlána, greiðslumiðlunar og virðisaukandi stafrænnar þjónustu.

Í milljónum króna	3M 2018	3M 2017	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	1.314	1.656	(20,7%)
Hreinar þóknatekjur	236	176	34,1%
Aðrar tekjur	(161)	236	(168,2%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>1.389</b>	<b>2.068</b>	<b>(32,8%)</b>
Rekstrarkostnaður	(888)	(783)	13,4%
Bankaskattur	(170)	(167)	1,8%
Hrein virðisbreyting	(376)	819	-
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>(45)</b>	<b>1.937</b>	<b>(102,3%)</b>

Vaxtamunur fyrirtækjasviðs er nokkru lægri á fyrsta ársfjórðungi 2018 en var á sama tímabili 2017, einkum vegna harðari samkeppni á fyrirtækjamarkaði og lækunar vaxtastigs en þóknatekjur aukast í takt við aukin umsvif. Aðrar tekjur eru einkum vegna virðisbreytinga á yfirteknum eignum. Neikvæða hreina virðisbreytingu af lánasafni má einkum rekja til niðurfærslu á lánnum og kröfum til ýmissa aðila en á sama tíma fyrir ári fengust endurgreiddar kröfur úr þrotabúum og úr nauðasamningum sem skilaði hreinni jákvæðri breytingu.



**Fjárfestingarbankasvið** skiptist í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskipti og greiningardeild. Fyrirtækjaráðgjöf veitir ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja og við stærri fjárhagsákvæðanir sem fyrirtæki og fjárfestar standa frammi fyrir. Fyrirtækjaráðgjöf veitir þannig ráðgjöf er varðar fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og sér um útboð og skráningu verðbréfa. Markaðsviðskipti annast verðbréfa- og gjaldeyrismiðlun fyrir hönd viðskiptavina bankans. Markaðsviðskipti sjá einnig um útgáfu verðbréfa fyrir viðskiptavinum sína og veita ráðgjöf um áhættustýringu, oft í samstarfi við fyrirtækjaráðgjöf. Greiningardeild er sjálfstæð frá öðrum sviðum bankans en heyrir undir fjárfestingarbankasvið. Greiningardeild fjallar um íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði.

Í milljónum króna	3M 2018	3M 2017	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	38	69	(44,9%)
Hreinar þóknatekjur	465	333	39,6%
Aðrar tekjur	2	(31)	-
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>505</b>	<b>371</b>	<b>36,1%</b>
Rekstrarkostnaður	(392)	(362)	8,3%
Bankaskattur	(10)	(12)	(16,7%)
Hrein virðisbreyting	0	14	-
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>103</b>	<b>11</b>	<b>836,4%</b>

Umsvif fjárfestingarbankasviðs jukust nokkuð á fyrsta ársfjórðungi 2018 samanborið við sama tíma fyrir ári. Áfram hefur sviðið tekið mikinn þátt í innri verkefnum, svo sem úrlausn flókinna innheimtuverkefna, en hefur einnig sótt fram í verkefnum á markaði. Miðlun hlutabréfa og skuldabréfa hefur gengið vel og hefur bankinn verið í fararbroddi í veltu hjá NASDAQ Ísland síðustu árin.

**Viðskiptabankasvið** veitir margvíslega þjónustu, þ.m.t. innlán og útlán, fjölbreyttar sparnaðarleiðir, greiðslukort, lausnir á sviði lífeyrissparnaðar, tryggingar, verðbréf og sjóðir. Til að ná fram hámarksskilvirkni er útibúum samstæðunnar skipt í fimm klasa og fá smærri útibúin stuðning frá stærri einingum innan hvers klasa. Viðskiptavinir viðskiptabankasviðs, sem rekur 24 útibú viðs vegar um landið, eru yfir 100.000. Fagfjárfestingarsjóður Arion banka hf. (Arion Bank Mortgages Institutional Investor Fund) tilheyrir viðskiptabankasviði.

Í milljónum króna	3M 2018	3M 2017	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	4.333	3.974	9,0%
Hreinar þóknatekjur	1.092	996	9,6%
Aðrar tekjur	81	179	(54,7%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>5.506</b>	<b>5.149</b>	<b>6,9%</b>
Rekstrarkostnaður	(3.451)	(3.156)	9,3%
Bankaskattur	(278)	(271)	2,6%
Hrein virðisbreyting	268	20	1.240,0%
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>2.045</b>	<b>1.742</b>	<b>17,4%</b>

Rekstartekjur aukast um 6,9% frá fyrsta fjórðungi 2017 til fyrsta fjórðungs 2018 og má einkum rekja aukningu tekna til vaxandi lánabókar, bæði gagnvart einstaklingum og minni fyrirtækjum, og áherslu síðustu ára á þóknatengda starfsemi. Rekstrarkostnaður sviðsins hækkar nokkuð milli ára í takt við aukin umsvif. Jákvæðar virðisbreytingar lána á tímabilinu má einkum rekja til umtalsverðra uppgreiðslna á íbúðalánum í lækandi vaxtaumhverfi.



**Fjárstýring** annast lausafjárstýringu bankans auk gjaldeyris- og vaxtastýringar. Önnur meginhlutverk fjárstýringar eru verðlagning fjármagns til útlánasviða og stýring og verðlagning fjármálaafurða.

Í milljónum króna	3M 2018	3M 2017	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	979	1.096	(10,7%)
Hreinar þóknatekjur	(82)	(78)	5,1%
Aðrar tekjur	268	(271)	(198,9%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>1.165</b>	<b>747</b>	<b>56,0%</b>
Rekstrarkostnaður	(329)	(259)	27,0%
Bankaskattur	(300)	(299)	0,3%
Hrein virðisbreyting	(29)	55	(152,7%)
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>507</b>	<b>244</b>	<b>107,8%</b>

Rekstartekjur fjárstýringar hækka nokkuð á tímabilinu miðað við fyrsta ársfjórðung 2017, einkum vegna jákvæðra gangvirðisbreytinga afleiðna sem notaðar eru til áhættuvarna en eru ekki bókfærðar samkvæmt áhættuvarnarreikningsskilum. Rekstrarkostnaður hækkar nokkuð, einkum aðkeypt sérfræðiráðgjöf.

## EFNAHAGSREIKNINGUR

**Heildareignir** samstæðu Arion banka lækka lítillega frá árslokum 2017.

Í milljónum króna	31.03.2018	31.12.2017	Breyt.	Breyt.%
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	97.934	139.819	(41.884)	(30%)
Lán til lánastofnana	94.961	86.609	8.353	10%
Lán til viðskiptavina	782.255	765.101	17.154	2%
Verðbréfaeign	106.415	109.450	(3.035)	(3%)
Fjárfestingareignir	6.749	6.613	136	2%
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	743	760	(18)	(2%)
Óefnislegar eignir	13.498	13.848	(350)	(3%)
Aðrar eignir	29.214	25.555	3.659	14%
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.131.769</b>	<b>1.147.754</b>	<b>(15.986)</b>	<b>(1%)</b>

*Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands* námu 97.934 milljónum króna í lok tímabilsins, samanborið við 139.819 milljónir króna í árslok 2017. Lækkunina má að hluta til rekja til kaupa á eigin bréfum sem og arðgreiðslu á tímabilinu, samtals að fjárhæð 24,3 milljarðar króna.

*Lán til viðskiptavina* námu 782.255 milljónum króna í lok tímabilsins, sem er 2,2% aukning frá áramótum. Lán til fyrirtækja hafa aukist um 2,0% á tímabilinu. Lán til einstaklinga jukust um 2,5%, nær eingöngu íbúðalán, þrátt fyrir harða samkeppni á þeim markaði frá lífeyrissjóðum.

*Verðbréfaeign* nam 106.415 milljónum króna í lok tímabilsins, samanborið við 109.450 milljónir króna í árslok 2017. Samsetning verðbréfaeignar breytist nokkuð þar sem eign í erlendum lausafjárstöðum hefur verið seld en skuldabréf hafa verið keypt í staðinn og tengist þessi breyting lausafjárstýringu bankans.



**Skuldir** samstæðu Arion banka lækka lítillega frá áramótum. **Eigið fé** lækkar vegna arðgreiðslu og kaupa á eigin bréfum á tímabilinu að fjárhæð 24,3 milljarðar króna. Afkoma tímabilsins og hækkun eigin fjár vegna innleiðingar IFRS 9 kemur á móti lækkuninni.

Í milljónum króna	31.03.2018	31.12.2017	Breyt.	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	7.880	7.370	510	7%
Innlán frá viðskiptavinum	453.059	462.161	(9.102)	(2%)
Fjárskuldir á gangvirði	3.130	3.601	(471)	(13%)
Aðrar skuldir	62.600	63.890	(1.290)	(2%)
Lántaka	400.855	384.998	15.857	4%
Eigið fé hluthafa	204.117	225.606	(21.489)	(10%)
Minnihluti	128	128	0	0%
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>1.131.769</b>	<b>1.147.754</b>	<b>(15.985)</b>	<b>(1%)</b>

**Lántaka** bankans nam 400.855 milljónum króna í lok mars 2018. Í mars gaf bankinn út nýtt skuldabréf á alþjóðlegum markaði til fimm ára að fjárhæð 300 milljónir evra, sem samsvarar um 37 milljörðum króna, á kjörum sem jafngilda 65 punktum yfir millibankavöxtum. Útgáfan var að hluta nýtt til uppgreiðslu á 3ja ára skuldabréfi, með eftirstöðvar sem námu um 200 milljónum evra. Bankinn hélt einnig áfram útgáfu sértryggðra skuldabréfa á íslenska markaðnum og gaf út tæpa 7 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi 2018.

**Eigið fé hluthafa** bankans nam 204.117 milljónum króna í lok mars 2018 samanborið við 225.605 milljónir króna í lok árs 2017. Lækkunin er tilkomin vegna kaupa á eigin bréfum og arðgreiðslu á ársfjórðungnum en á móti kemur hækkun á eigin fé í tengslum við innleiðingu IFRS 9 og afkomu tímabilsins. Hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1 hjá bankanum nam 23,6% í lok mars 2018 og er óbreytt frá árslokum 2017.

## KENNIÖLUR

	3 mán. '18	2017	3 mán '17
Arðsemi eigin fjár	3,6%	6,6%	6,3%
Arðsemi eigna	0,7%	1,3%	1,2%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,6%	2,9%	2,8%
Vaxtamunur á heildareignir	2,4%	2,7%	2,7%
Kostnaðarhlutfall	70,8%	56,1%	63,5%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	3,0%	2,7%	3,0%
Virkur tekjuskattur	30,9%	28,4%	29,4%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall)	23,6%	24,0%	28,0%
Hlutfall almenns eiginfjárbáttar 1	23,6%	23,6%	27,3%
Vandræðalán	3,2%	-	-
Heildar niðurfærð lán / Heildar lán	-	1,6%	2,4%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	68,8%	66,8%	66,4%
Útlán sem hlutfall af innlánum	172,7%	165,5%	151,4%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.290	1.250	1.209
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - samstæða	1.299	1.284	1.204
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	832	830	833
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	832	844	827





## FJÁRHAGSLEG MARKMIÐ

Á seinni hluta ársins 2016 setti Arion banki sér eftirfarandi markmið til næstu þriggja til fimm ára.

- **Eiginfjárfrafa (CET 1)** Lækka niður undir 17%
- **Lánavöxtur** Lánsvöxtur sé í takt við vöxt í efnahagslífinu á næstu árum
- **Arðsemi eigin fjár** Ná arðsemi umfram 10%
- **Arðgreiðslustefna** Arðgreiðsluhlutfall í kringum 50% af hagnaði hluthafa
- **Kostnaðarhlutfall** Lækka í um það bil 50%

## FUNDUR MEÐ MARKAÐSAÐILUM

Arion banki mun halda símafund á ensku fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 3. maí, klukkan 13:00. Á fundinum mun Stefán Pétursson, fjármálastjóri Arion banka, fara yfir helstu atriði í uppgjöri bankans. Áhugasamir geta sent tölvupóst á [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is) og fá í kjölfarið sendar nánari upplýsingar varðandi þátttöku á símafundinum.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, [haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is), s: 856 7108.

## FJÁRHAGSDAGATAL 2018

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Árshlutauppgjör 2F 2018	1. ágúst 2018
Árshlutauppgjör 3F 2018	31. október 2018

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.